

HS Orka hf
Brekustíg 36
260 REYKJANESBÆ

Reykjavík, 21. júní 2013
Tilvísun: 2013010044/50.4.3
Verknúmer: 1093000

Efni: Fylgibréf með leyfi HS Orku hf, til annars vegar nýtingar á allt að 200 l/s af grunnvatni í formi ferskvatns í landi Staðar, Grindavík og hins vegar allt að 6000 l/s af grunnvatni á formi jarðsjávar úr eigin landi við Vitabraut, Reykjanesbæ

Þann 8. febrúar 2013 barst Orkustofnun umsókn HS Orku, kt. 680475-0169, dags sama dag, um nýtingarleyfi, annars vegar á grunnvatni í formi ferskvatns í landi Staðar, allt að 200 l/s og hins vegar nýtingarleyfi grunnvatns, þ.e. jarðsjó úr borholum í eigin landi, allt að 6000 l/s, til allt að 50 ára. Umsóknin er sett fram í samræmi við ákvæði VIII. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, (auðlindalög).

Þann 18. maí 2006 veitti iðnaðarráðherra Hitaveitu Suðurnesja hf. (nú HS Orku hf.) leyfi til að reisa og reka 2 x 50 MW orkuver á Reykjanesi, Reykjanesvirkjun, með vísan til 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og þeirra gagna er fylgdu leyfisumsókn HS Orku, en áður, þann 2. apríl 2004 hafði ráðherra gefið út nýtingarleyfi á jarðhita á Reykjanesi, í samræmi við 6. gr. auðlindalaga, sem felur í sér heimild til að nýta jarðhita í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem skilgreind eru í því leyfi.

Við skoðun Orkustofnunar á umræddum leyfum HS Orku, kom í ljós að ekki var vikið að notkun grunnvatns, hvorki í nýtingarleyfi né í virkjunarleyfi. Að mati Orkustofnunar verður þó, í ljósi virkjunarleyfis, ekki gerð athugasemd við þá notkun grunnvatns, þ.e. ferskvatns, ísalts vatns eða sjávar úr borholum, sem nýtt er til kælingar við raforkuframleiðslu virkjunarinnar, né heldur eðlilega notkun grunnvatns til neyslu í virkjuninni. Með bréfi Orkustofnunar, dags. 11. janúar 2013, lýsti stofnunin þeirri skoðun sinni að afla þyrfti nýtingarleyfis til notkunar á grunnvatni, ísöltu vatni eða sjó úr borholum til annarra þarfa en umræddrar kælingar, m.a. til endursölu á heitu vatni til óskyldrar starfsemi sem ekki er fjallað um í gildandi nýtingarleyfi eða virkjunarleyfinu sjálfu. Á það meðal annars við um notkun grunnvatns til kælingar/skolunar á nýjum borholum svo og til fiskeldis. Með framangreindri umsókn sinn brást HS Orka við erindi Orkustofnunar.

Í umsókn HS Orku kemur fram að fyrirhugað sé að dæla upp annars vegar allt að 200 l/s af grunnvatni í formi ferskvatns frá fjórum borholum í landi Staðar og hins vegar allt að 6000 l/s af grunnvatni á formi jarðsjávar úr alls 16 borholum í eigin landi. Nýta á hið ferska grunnvatn sem neysluvatn í Reykjanesvirkjun og hjá fyrirtæki á sviði matvælaíðanaðar, við boranir og til þrifa hjá matvælafyrirtækjum og sem slökkvivatn. Nýta á jarðsjóinn sem kælisjó fyrir vélar Reykjanesvirkjunar og þar á eftir hjá öðrum iðnaði á svæðinu. Í þessu sambandi óskar HS Orka eftir því að Orkustofnun gefi út 50 ára nýtingarleyfi.

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. auðlindalaga, sem og með vísan til 13. og 14. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, óskaði Orkustofnun umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Reykjanesbæjar og Grindavíkurbæjar um fram komna umsókn. Einnig var leitað umsagnar jarðeigenda Staðar í Grindavíkurbæ, þ.e. forsætisráðuneytisins, með vísan til 13. og 14. gr. stjórnslulaga, sbr. einnig 1. mgr. 7. gr. auðlindalaga, þar sem samkomulag um endurgjald fyrir auðlindina, lá ekki fyrir í sérstökum samningum. Jafnframt var vakin athygli á því í bréfi til umsagnaraðila, að samkvæmt 23. gr. auðlindalaga eru gögn sem afhent eru samkvæmt lögnum bundin trúnaði og voru umsagnaraðilar beðnir um að virða

lkr
SkD.

þann trúnað.

Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 28. febrúar 2013 barst Orkustofnun þann 4. mars sl. Í umsögninni, sem umsækjandi fékk afrit af, leggur stofnunin áherslu á að tryggt verði að jarðsjávertakan hafi ekki áhrif á grunnvatnslinsu, sem liggur ofan á söltum jarðsjó og er þykkust um mitt nesið en þynnist út við ströndina. Vegna brims og sjávarfalla við ströndina blandast sjór inni í grunnvatnslinsuna og því er minna um ferskt grunnvatn víða við ströndina. Þá er vatnstaka mjög viðkvæm úr fersku grunnvatnslinsunni því að ef of miklu vatni er dælt upp úr henni er hættu á að sjór undir linsunni verði dreginn upp og blandist inn í ferska lagið. Mjög erfitt getur verið að hreinsa ferksvatnsbólið eftir að saltur jarðsjór blandast inn í það. Auk þess er endurnýjun grunnvatns á Suðurnesjum talin nær eingöngu háð staðbundinni úrkomu ólíkt því sem er annars staðar á landinu.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við vatnstöku á fersku grunnvatni í landi Staðar verði tryggt að ekki skapist sú hættu að saltur jarðsjór blandist inn í ferska lagið og bendir á að skv. 12. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skuli m.a. tryggja sjálfbæra nýtingu grunnvatns þannig að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar. Jafnframt bendir stofnunin á ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn þar sem fjallað er um varnir gegn mengun vatnsbóla. Stofnunin leggur einnig áherslu á að hönnun og frágangur borhola fyrir uppðælingu jarðsjávar sé með þeim hætti að ekki verði dregið vatn upp úr grunnvatnslinsunni og að blöndun sjávar í grunnvatnslinsuna eigi sér ekki stað. Í þessu sambandi bendir Umhverfisstofnun á að skv. 12. gr. framangreindra laga er ennfremur krafa um að vernda skuli grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 7. mars sl., sem barst Orkustofnun 11. mars sl., kemur m.a. fram ábending þess efnis að nýtingin valdi sem minnstu raski og að full tillit verði tekið til 37. gr. laga um náttúruvernd [nr. 44/1999], þ.e. vernd hrauna.

Í umsögn forsætisráðuneytisins dags. 6. mars sl., sem barst stofnuninni þann 8. s.m. eru ekki gerðar athugasemdir við umsókn umsækjanda en vísað til forsetaúrskurðar nr. 100/2012 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og þess getið að fjármála- og efnahagsráðuneytið fari með eignarhald jarðarinnar Staðar fyrir hönd ríkissjóðs.

Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis dags. 22. mars sl., sem barst stofnuninni þann 2. apríl sl., eru ekki gerðar athugasemdir við umsókn umsækjanda en vakin athygli á að leita þurfi samkomulags um leyfishafa um endurgjald fyrir auðlindina, sbr. 7. gr. auðlindalaga. Þá telur ráðuneytið mikilvægt að fá upplýsingar um samningsbundin réttindi HS Orku hf. í landi Staðar og hvað liggja fyrir um magn grunnvatnsauðlindarinnar á svæðinu. Þá óskar ráðuneytið eftir upplýsingum um hvaða áætlanir eru um rekstur vatnsveitu og vatnsdreifingar HS Orku til þriðja aðila.

Í umsögn Reykjanesbæjar dags. 4. mar sl., sem barst stofnuninn þann 18. s.m. eru ekki gerðar athugasemdir við umsókn umsækjanda.

Í umsögn Grindavíkurbæjar dags. 8. apríl sl., sem barst stofnuninn þann 12. s.m. eru ekki gerðar athugasemdir við umsókn umsækjanda.

Orkustofnun hefur farið yfir þær umsagnir sem stofnuninni bárust sem og gögn þeim tengd og fram komu í umsókn HS Orku hf.

Vegna umsagnar fjármála- og efnahagsráðuneytis bendir Orkustofnun á ákvæði 7. gr. auðlindalaga, en þar er skýrt kveðið á um, að samningar skuli nást við landeigendur um endurgjald fyrir auðlind eða aflað sé heimildar til eignarnáms, áður en vinnsla í eignarlandi hefjist. Til þess að ná samningum hafi leyfishafi 60 daga áður en leyfi fellur úr gildi. Orkustofnun hefur ekki heimild til að gera undanþágu frá þessu ákvæði laganna né heldur að setja frekari skilyrði en kveðið er á um í lögum. Þá óskaði Orkustofnun eftir

KE

Ö.P.

nánari upplýsingum um stöðu grunnvatnmála, sem HS Orka svaraði með bréfi, dags 11. júní sl., og móttakið sama dag þar sem kynnt var niðurstaða skýrslu verkfræðistofnunnar Vatnaskila sem um árabíl hefur annast líkanagerð og líkanaútreikninga fyrir ferskvatnsstraum og ferskvatnsmagn undir yfirborði Reykjaneskagans. Fram kemur í skýrslunni að grunnvatnsrennsli til sjávar frá landi Staðar við núverandi 20 l/s vinnslu telst vera 1.320 l/s, sem er áætlað grunnvatnsrennsli um Staðarlandið. Við heldarvinnslu upp á 500 l/s, sem er hámark vinnslu sem skoðað var frá vatnsvinnslusvæðinu við Sýrfell minnkar grunnvatnsrennsli til sjávar frá landi Staðar í 1. 170 l/s eða um 150 l/s. Að mati Orkustofnunar er því nægjanlegt grunnvatn til staðar svo koma megi til móts við umsóknar HS Orklu hf. varðandi magn grunnvatns.

Hvorki sveitarfélagið Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Umhverfisstofnun né Náttúrufræðistofnun Íslands mæla gegn umsókninni, en umsækjandi hefur kynnt sér ábendingar þessara aðila eins og um þær er fjallað hér að ofan.

Það er mat Orkustofnunar, einkum í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar, að gildistími leyfis verði 30 ár en ekki 50 ár eins og óskað er eftir. Að 30 árum liðnum er hins vegar heimilt að framlengja leyfið til 15 ára í senn nema að forsendur leyfisveitingar hafi breyst og sýnt sé fram á að óbreytt nýting hafi skaðleg áhrif á auðlindina eða nærliggjandi grunnvatn.

Með vísan til framanritaðs, og í samræmi við IV. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, gefur Orkustofnun út í dag, nýtingarleyfi annars vegar á grunnvatni, í formi ferskvatns, í landi Staðar, allt að 200 l/s og hins vegar nýtingarleyfi grunnvatns, þ.e. jarðsjó úr borholum í eigin landi, allt að 6000 l/s, til allt að 30 ára með heimild til framlengingar, 15 ár í senn, nema forsendur leyfisveitingar breytist.

Gjald vegna veitingar nýtingarleyfis þessa er kr. 41.500., sbr. 34. tl. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum. Nýtingarleyfið er afhent við greiðslu gjaldsins.

Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sæta ákvarðanir Orkustofnunar, er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rannsóknar- eða nýtingarleyfa samkvæmt lögum þessum, kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvæðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra sbr 3. mgr. 33. gr. laganna. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnáskilulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra



Skúli Thoroddsen



Kristinn Einarsson

Fylgiskjöl:
Nýtingarleyfi